# Eftirfylgni greininga og mats á nemendum

## Tengsl fjárveitinga við greiningar – markmið og framkvæmd

# Grunnskólalög 2008

- Sérfræðiþjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur. 40.gr

# Athugasemdir með frumvarpi

- Hér er lagt til að auk þessa hlutverks skuli sérfræðiþjónustan tryggja að viðkomandi nemendur fái kennslu og námsaðstoð við hæfi og viðeigandi íhlutun, þ.e. ekki einungis gera tillögur til úrbóta heldur fylgja þeim eftir. Einnig eigi sérfræðiþjónustan að meta árangurinn af íhlutun. 40. gr

# Reglugerð um sérfræðiþjónustu

**12. gr. *Ráðgjöf, eftirfylgni og mat á árangri.***

- Að fenginni athugun eða greiningu gerir starfsfólk sérfræðiþjónustu sveitarfélags tillögu um viðeigandi úrræði með starfsfólki skóla, svo sem ráðgjöf og fræðslu til kennara og foreldra og viðeigandi stuðning við nemendur eða nemendahópa. Eftirfylgni og mat á árangri er í höndum sérfræðiþjónustu í samstarfi við viðkomandi skóla. (2010)

# Hvað er eftirfylgni

- Er EKKI eftirlit
- Ráðgjöf við túlkun greininga
- Ráðgjöf og stuðningur við gerð einstaklingsáætlana
- Þátttaka í teymisvinnu
- Foreldrasamstarf
- Tengsl við þjónustumiðstöð og aðra stuðningsþjónustu

# úthlutun fjármagns

# Fjöldi sérkennslunemenda

| Land | Grunnskóla nem. alls | Sérkennslu nem. alls | Hlutfall | nem í sér skóla | Hlutfall | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ísland | 42.539 | 10.338 | 24.3% | 136 | 0.3% | |
| Danmörk | 713.041 | 35.827 | 5% | 13.256 | 1.9% | |
| Finnland | 545.188 | 45.439 | 8.3% | 6.233 | 1.1% | |
| Noregur | 615.973 | 52.179 | 8.5% | 1.881 | 0.3% | |
| Svíþjóð | 886.487 | 12.616 | 1,40% | 501 | 0.056% | |

# Fötlunarflokkar og úthlutanir í Rvík

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Okt.´10 | Hlutf.nem.´10 | Okt.´05 | Hlutf.nem.´05 |
| Allir nemendur í Rvk. | 13.780 | | 15.075 | |
| Nemendur með úthlutun | 690 | 5% | 586 | 3.9% |
| Heildarupphæð | 700.351.000 | | 429.773.000 | |
| | | | | |
| | | | | |
| Fötlunarflokkur | Fjöldi okt.´10 | % af úthl ´10 | Fjöldi okt.´05 | % af úthl ´05 |
| ADHD og sk. rask. | 244 | 35.2% | 282 | 48.1% |
| Einhverfa og sk. rask. | 200 | 29% | 68 | 11.6% |
| Málhömlun | 71 | 10.3% | 81 | 13.8% |
| Skynhömlun I og II | 26 | 3.8% | 23 | 3.9% |
| Hreyfihamlanir | 26 | 3.8% | 36 | 6.1% |
| Þroskahamlanir | 104 | 15.1% | 79 | 13.5% |
| Veikindi og einst. Gr. | 19 | 2.8% | 17 | 2.9% |

# Upphæðir og fjöldi nemenda - janúar 2012

| | |
|---|---|
| Upphæð | Fj.nem. |
| 2.900.000 - 3.000.000 | 10 |
| 2.700.000 - 2.900.000 | 8 |
| 2.500.000 - 2.700.000 | 13 |
| 2.000.000 - 2.500.000 | 54 |
| 1.500.000 - 2.000.000 | 88 |
| 1.000.000 - 1.500.000 | 159 |
| 500.000 - 1.000.000 | 181 |
| 266.000 - 500.000 | 191 |
| | **704** |

# Fjárveitingar
# 2 ríkjandi módel í Evrópu

- miðstýrt módel þar sem fjárveitingakerfið er háð ríkjandi stefnu landsins – sem dæmi um slíkt má nefna beint framlag til sérskóla eða einstaklingsbundið fjárveitingakerfi;
- kerfi þar sem valddreifing ríkir og tiltekin svæði eða sveitarfélög bera meginábyrgð á skipulagi sérkennslu og þjónustu.

Evrópustofa um sérkennslu, European Agency for Development in Special Needs Education.

# Miðstýring

Það fjárveitingakerfi sem byggir á einstaklingsbundnu framlagi

(þar sem fjárveitingu er úthlutað til einstakra nemenda í því skyni að koma til móts við sérþarfir þeirra)

virðist heldur ekki vera gallalaust.

# Fjárhagslegt fyrirkomulag sem stuðlar að námi án aðgreiningar

Í löndum þar sem **valddreifing** á sviði fjárveitinga er ríkjandi er reynsla af slíku almennt jákvæð. Í slíkum kerfum færist fjárveiting úr höndum stjórnsýslunnar til svæðisbundinna stofnana (sveitarfélaga, hverfa, skólaþyrpinga) þar sem teknar eru ákvarðanir um hvernig fénu skuli ráðstafað og hvaða nemendur skuli fá sérþjónustu.

# Umræðupunktar

1. Hvernig getur eftirfylgni stutt *Skóla án aðgreiningar*?
2. Hvað stendur í vegi fyrir að þessi ákvæði laganna komist í gagnið?
3. Hvernig er best að haga árangursmati í *Skóla án aðgreiningar?*
4. Er æskilegt að breyta úthlutunarfyrirkomulagi til fækka greiningum og nýta sérfræðiþjónustuna á annan hátt?
5. Er æskilegt að sérfræðiþjónustan komi að úthlutun fjármagns til sérkennslu? Ef já, hvernig?